

Landslag  
Ómar Ívarsson  
Skólavörðustíg 11  
101 Reykjavík

Reykjavík, 22. september 2005

/--

### **Efni: Sjóvarnir við Herjólfsgötu í Hafnarfirði. Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis Landslags ehf., f.h. Hafnarfjarðarbæjar og Fráveitu Hafnarfjarðar dags. 26. ágúst 2005 þar sem tilkynntar eru fyrirhugaðar sjóvarnir við Herjólfsgötu í Hafnarfirði samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10 h í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Hafnarfjarðarbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Siglingastofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Hafnarfjarðarbæ með bréfi dags. 13. september 2005, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 8. september 2005, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis með bréfi dags. 31. ágúst 2005, Siglingastofnun með bréfi dags. 31. ágúst og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 12. september 2005.

### **FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að til standi af hálfu bæjaryfirvalda að leggja þrýstilögn í Herjólfsgötu. Samhliða þeirri framkvæmd er áformað að leggja göngu- og hjólastíg sjávarmegin við Herjólfsgötu auk þess að byggja sjóvörn við ströndina meðfram Herjólfsgötu. Fyrirhuguð sjóvörn mun verða um 450 m að lengd og ná frá Norðurbakka í suðri að vík sunnan við Rauðsnef í norðri.

Fram kemur að sjóvörnin muni hindra ágang sjávar að Herjólfsgötu og húsa vestan hennar, en leitast verði við að halda í náttúrulegt landslag eins og kostur er.

Fram kemur einnig að sjógarðurinn verði að mestu leyti hefðbundinn grjótgarður með halla 1:1,5. Á kafla verður garðurinn þó byggður sem lóðréttur veggur til þess að skerða sem minnst malarfjöru við Langeyrarmalir.

Áætlað grjót magn sem talið er þurfa í sjóvörnina er um  $8.500 \text{ m}^3$ . Fram kemur að allt grjót verði fengið úr grjótnámu Hafnarfjarðarbæjar í Kapelluhrauni suð-austan við iðnaðarhverfið í hrauninu.

**Áhrif á núverandi landnotkun.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að í aðal- og deiliskipulagi sé gert ráð fyrir að göngustígur verði sjávarmegin við Herjólfsgötu. Einnig kemur fram að aðgengi að þessu svæði sé slæmt og það því lítið sem ekkert notað sem útivistarsvæði/opið svæði eins og það er skilgreint í skipulagi. Gert er ráð fyrir að aðgengi að nýrri sjóvörn verði mjög gott og að hún verði eftir sem áður notuð sem útivistarsvæði og að stígurinn sem verður til við framkvæmdina verði hluti af 2 km löngum samfelldum strandstíg fyrir botni Hafnarfjarðar.

**Sjónræn áhrif.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að sjónræn áhrif framkvæmdarinnar muni ekki vera mikil og ásýnd strandarinnar ekki breytast verulega þar sem þegar hefur verið komið fyrir stórgrýti á stórum hluta hennar. Eins kemur fram að ásýnd garðsins muni þó verða heillegri en áður þar sem um skipulagðari varnargarð er að ræða en þegar eru á svæðinu. Að auki er bent á að ásýnd Herjólfsgötu muni breytast þar sem sjóvörnin muni ganga 60-70 cm upp fyrir fyrirhugað yfirborð göngustís og mynda þannig lóðréttan hlaðinn vegg í stað þess óreglulega raðaða grjóts sem þar er nú.

**Áhrif á lífríki.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að þar sem allt svæðið, að undanskilinni malarfjöru, sé að nokkru leyti raskað og manngert þá séu áhrif á lífríki strandarinnar ekki mikil. Eins kemur fram að það svæði þar sem lífríki er auðgast sé malarfjaran en henni verði ekki raskað við framkvæmdirnar.

**Áhrif á minjar.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að söguminjar á svæðinu eru annars vegar Langeyrarmalir og hins vegar klettur sunnan malarfjörunnar sem ýmist kallast Gönguhóll eða Sönghóll. Fram kemur að báðum þessum minjum verður hlíft við framkvæmdirnar og munu þær ekki raskast.

**Samræmi við skipulagsáætlanir.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir sjóvarnargarði í gildandi aðalskipulagi en í vinnslu sé breyting á skipulaginu þar sem gert verður ráð fyrir varnargarði meðfram Herjólfsgötu. Eins kemur fram að í gildi sé deiliskipulag fyrir "Hleina að Langeyrarmölum" en viðkomandi svæði meðfram Herjólfsgötu er innan þess skipulags. Í deiliskipulaginu er ekki gert ráð fyrir sjóvarnargarði en í vinnslu er breyting á skipulaginu þar sem gert verður ráð fyrir varnargarði meðfram Herjólfsgötu.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGD FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Í umsögnum Hafnarfjarðarbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Siglingastofnunar og Umhverfisstofnunar kemur fram að ekki sé talið að fyrirhuguð framkvæmd muni valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

**Áhrif á núverandi landnotkun.** Hafnarfjarðarbær tekur undir það mat framkvæmdaraðila að framkvæmdin muni styðja við þá landnotkun sem fyrirskrifuð er í aðalskipulagi með því að auðvelda aðgengi að fjörunni.

Umhverfisstofnun bendir á að malarfjara við Langeyrarmalir hafi nýst sem útivistarsvæði og að þess verði gætt við við hönnun sjóvarnarinnar að fjörunni verði ekki raskað og að gott aðgengi verði að fjörunni.

**Sjónræn áhrif.** Hafnarfjarðarbær tekur undir það mat greinargerðarinnar að framkvæmdin hafi lítil sjónræn áhrif sjávarmegin. Jafnframt er bent á að landmegin muni framkvæmdin einna helst skyggja á útsýni akandi vegfarenda á Herjólfstraút út á sjóinn, en vart takmarka útsýni mikið á neðstu hæð húsa við götuna.

**Áhrif á menningarminjar.** Hafnarfjarðarbær gerir athugasemd við að fornleifaskráning Byggðasafnsins, sem er fylgirit með greinargerðinni, miðast ekki við þá framkvæmd sem verið er að kynna, heldur frumhönnun framkvæmdarinnar. Af þeim uppdráttum sem nú sé verið að kynna megi sjá að tekið hafi verið tillit til þeirra atriða sem Byggðasafnið benti á við frumhönnunina.

Fornleifavernd ríkisins telur að fyrir liggi nægilegar upplýsingar um fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og um áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar. Við hönnun hafi verið tekið tillit til fornleifanna. Fornleifavernd telur mikilvægt að haga akstri vinnuvéla á framkvæmdatíma þannig að fornleifum stafi ekki hætta af.

## **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða sjóvarnir við Herjólfsgötu í Hafnarfirði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 h í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða afmarkaða framkvæmd sem felst að mestu leyti í viðbótum við núverandi sjóvörn. Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun um mikilvægi þess að við hönnun sjóvarnar sé þess gætt að malarfjörü við Langeyrarmalir verði ekki raskað og að gott aðgengi verði að fjörunni þannig að hún geti áfram nýst til útivistar. Skipulagsstofnun tekur einnig undir með Fornleifavernd ríkisins um að þess verði gætt að fornleifum verði ekki raskað á framkvæmdatíma.

Skipulagsstofnun telur að framkvæmdin eins og henni er lýst í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila komi til með að hafa óveruleg umhverfisáhrif í för með sér.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Hafnarfjarðarbæjar og Fráveitu Hafnarfjarðar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Hafnarfjarðarbæjar og Fráveitu Hafnarfjarðar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að sjóvarnir við Herjólfsgötu, Hafnarfirði séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugaðar framkvæmdir kalla á breytingar á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 ásamt breytingu á deiliskipulagi fyrir Hleina að Langeyrarmölum sem staðfest var árið 2000. Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Hafnarfjarðarbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfísráðherra. Kærufrestur er til 24. október 2005.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Rúnar Dýrmundur Bjarnason

Afrit.

Umhverfísráðuneytið, Hafnarfjarðarbær, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Siglingastofnun og Umhverfisstofnun.